



Voru Æsirnir argir?¹

Höfundur

Kolfinna Jónatansdóttir

Greinin birtist í Mími, blaði stúdenta í íslenskum fræðum 45. árgangi 2005, tölublaði 50.

Í íslensku miðaldasamfélagi var varla hægt að geranokkuð verra en að brigsla einhverjum um ergi, hvort sem var í bundnu máli eða óbundnu. Ásakanirnar koma stundum fyrir stakar en oftast en ekki ganga þær á vixl milli tveggja aðila, konur eru þó sjaldan sakaðar um ergi. Það að senna við andstæðing eða samherja fyrir bardaga og reyna að gera eins lítið úr honum og mögulegt er, án þess þó að ásakanirnar þurfi að vera sannar, er bókmenntalegt minni og nýttist oft sem eggjun til dáða. Til dæmis er það kölluð senna í Guðrúnarhvöt, þegar Guðrún Gjúkadóttir eggjar syni sína til hefnda.² Einnig var það algengur drykkjuleikur að tveir menn eða fleiri kepptust um að útlísta eigin kosti og mikilvægi eða velja sér einhverja til að metast um, og oft hafði leikurinn mannvíg að eftirmáli.³

Þegar lesið er um norræna guði, hvort sem er í eddukvæðum, Snorra-Eddu eða Heimskringlu, er þeim oft brigslað um ergi og ýmislegt óeðli. Líklegasta orsökina er sú að guðir eru á allt öðru siðferðisplani en dauðlegt fólk og leyfist ýmislegt umfram það. Ergi getur verið nauðsynleg fyrir starfsemi og hlutverk guðanna og hefur þá upp fyrir hinn mannlega raunveruleika, til dæmis er ekkert skammarlegt við það að frjósemisgyðjan Freyja sé vergjörn eða það að hún er dóttir systkina. Í grískum goðsögum er svipað uppi á teningnum, þar sem Ólympsguðirnir gera margt sem þótti ósiðlegt og jafnvel ólöglegt í grísku samfélagi.

Þessi hegðun guðanna gæti verið ætluð til skemmtunar fyrir fylgismenn þeirra, þar sem mannlegir brestir væru ýktir úr hófi fram, en einnig er mögulegt að guðirnir hafi átt að vera víti til varnaðar. Í mörgum ólæsum trúarsamfélögum í Afríku og á meðal indíána, gegndu minniháttar

goðmögn, líkt og nornir og seiðkarlar ákveðnu hlutverki til að halda uppi siðferði. Þau voru neikvæðar fyrirmyndir, sýndu eigingirni og óvild öfugt við það sem góðir samfélagsþegnar gerðu og fengu almenning þannig til að hegða sér á viðtekinn hátt.⁴

Ergi

Lýsingarorðin argur, ragur, nafnorðin ergi, regi og sagnorðið að ergjast, voru mjög niðurlægjandi orð á Íslandi, aðallega þegar þeim var beint að körlum. Grunnmerking þeirra er kynferðisleg og gefur til kynna þá tilhneigingu karlmanna að vera fúsir til að gegna kvenhlutverki í ástarleik með öðrum karlmanni en ergi kvenna felst aðallega í fjölveri. Önnur merking orðanna er fjölkunnugur, það að stunda seið virðist hafa falið í sér kynferðislega verknaði og það að fara yfir forboðin mörk, til dæmis með því að karlmenn komu fram í kvengervum. Fjölkynngi var bönnuð í hinna kristnu miðaldakirkju, svo það er ekki skrytið að seiður og kynferðisleg öfughneigð skuli skilgreind sem eitt og hið sama. Þriðja og mikilvægasta merking orðanna ragur og argur er að vera huglaus eða ókarlmannlegur í siðferðislegum skilningi. Þessi merking er líka leidd af hinna kynferðislegu, sá maður sem er tilbúinn til að vera undir öðrum manni kynferðislega mun líka biða lægri hlut í öðrum málefnum. Hugleysispýðingin er sú sem oftast er notuð í bókmenntalegu niði, það að vera í þolandahlutverki⁵ í samkynhneigð stendur svo nálægt hugsun um siðleysi almennt. Kynferðisleg vísun er því ekki alltaf innihald niðsins, þótt það líti þannig út, heldur er oft um að ræða yfirfærslu.⁶

Til þess að hægt sé að tengja saman kynferði og siðferðishugmyndir verður andstæðan milli þess karllega og þess kvenlega að vera skýr, þannig

1 Þessi grein er lítilla breytt ritgerð sem skrifuð var í námskeiðinu Ímynd karlmennsku, vorið 2003 hjá Ásdísi Egilsdóttur.

2 Holtsmark 1982b, bls. 150.

3 Sami 1982a, bls. 325.

4 Green 1987, bls. 102.

5 Í þessari ritgerð verða notuð hugtök gerandi og þolandi sem þýðing á orðunum aktiv og passiv.

6 Meulengracht Sørensen 1980, bls. 22-24.

að um leið og eitthvað kvenlegt er nefnt, verði það tákn um eitthvað ókarlmannlegt. Í norrænu miðaldasamfélagi var verksvið karla og kvenna vel aðgreint. Konur sáu um allt sem viðkom heimilinu og lyklnir voru valdatákn þeirra. Karlarnir sáu um allt utanstokks og voru andlit heimilisins út á við. Samfélagið byggðist að miklu leyti á karlmannlegum hernaðaranda, sem var svo ráðandi að það var jafnvel aðdáunarvert ef konur fóru líka eftir honum. En þar sem þær gátu sjaldnast sinnt hefndardrápum sjálfar, eggjuðu þær karlmenn til þess.⁷

Konur tóku stundum að sér hlutverk karlmanna, ýmist vegna þess að engir karlkynsættingjar voru til staðar, líkt og Auður djúpaúða í Laxdæla sögu eða vegna þess að karlmennirnir vildu ekki hefna eins og þeim bar, líkt og Brókar-Auður í sömu sögu. Í síðarnefnda tilvikinu var það talið henni til tekna að framkvæma það sem bræður hennar höfðu ekki skap til. Í fornaldarsögum og hetjukvæðum, sem eru meiri ævintýrabókmenntir en Íslendingasögurnar, geta valkyrjur komið fram í gervi hins karlmannlega stríðsmanns og með siðferðisviðmið hans en verið á sama tíma kvenlegar konur. Skýrasta dæmið um þessa hugsun er Brynhildur Buðladóttir, sem kemur bæði fram í hetjukvæðum og í Völsungasögu og sameinar kvenlegar og karllegar dyggðir. Hún er brynjuklæddur hermaður og þekkt fyrir hernaðarafrek sín en um leið er hún fegurst kvenna og öllum fremri við hannyrðir. Þessi samtvinnun ólíkra eiginleika verður ekki leyst, nema með hjónabandi og til þess þarf karlhetjan að yfirvinna hana svo hún geti einskorðað sig við kvenleikann. Kona sem sinnir karlmannshlutverki er jákvætt minni í forníslenskum bókmenntum og vekur enga fyrirlitningu en þann hluta verður karlhetjan að yfirbuga að lokum. Valkyrjuímyndin dregur fram karlmennsku og hernaðaranda en kynferðisleg andstæðan við alvöru karlmenn helst. Valkyrjur eiga að enda í hjónabandi og ef þær hafna því geta þær breyst í skúrka. Hin ríkjandi karlmennskuímynd, sem gerði konur í karlmannsgervi vinsælt bókmenntapema gerði um leið ómögulegt að karlar gætu birst í kvenmannsgervi, án þess að vera taldir huglausir.⁸

Þegar karlmenn eru kallaðir argir fremja þeir báðir ósiðlegan verknað, en á meðan gerandinn er einungis argur í útvíkkaðri kristinni merkingu um að vera fullur óeðli er þolandinn einnig argur í eiginlegri merkingu, hann hefur tekið að sér hlutverk konunnar.⁹ Það að verknaður gerandans sé

hrósverður má sjá í sennu Sinfjötla og Guðmundar í Helgakviðu Hundingsbana I, þeir hita sig upp fyrir bardagann með því að senna og Sinfjötli ásakar Guðmund meðal annars um það að vera móðir níu úlfa og hrósar sjálfum sér af því að hafa verið faðir þeirra, það er hann hrósar sér af því að hafa gert Guðmund að konu. Erfitt er reyndar að fullyrða um hvort 13. aldar Íslendingar hafi talið að þetta hafi áður þótt hrósvort, enda er Sinfjötli, sem er sonur systkina, ekki venjuleg hetja og er sem hetjukvæðispersóna undir öðruvísi siðferði heldur en aðrir. Dæmi um hið gagnstæða má sjá í Þorvalds þætti hins víðförla, þar sem níðvísa er kveðin um fyrstu kristniþöða á Íslandi, Þorvald og Friðrek biskup, þar sem Þorvaldur er sagður vera faðir níu barna Friðreks og hann launar það með því að drepa vísuhöfundinn og segist ekki þola að þeir séu kallaðir argir.¹⁰

Margt er ólíkt með raunheimi og sagnaheimi, það sem er bannað, ómögulegt eða ótrúverðugt í raunheiminum getur auðveldlega gerst í sagnaheimi. En sagnaheimurinn fær aðeins merkingu sína með vísun til raunheimsins og viðmiða hans. Viðmið raunheimsins færast til í sagnaheimi, jafnvel í raunsæisbókmenntum og því meira sem sagnaheimurinn færir frá raunheiminum því meiri möguleikar verða á því að fara yfir þær hindranir sem umlykja raunheiminn. Það er í raun mikilvægasta gildi bókmennta að útvíkka raunheiminn á þennan hátt. Til dæmis er hetjan Sinfjötli sonur systkina og verður því til með blóðskömm, þetta er ekki raunveruleiki því þó svo að Völsunga saga hafi þekkt á 13. öld á Íslandi voru víðurlög við samskonar broti á þeim tíma útleiddardómur. Þetta brot á raunheiminum hjálpar til við þróun persónunnar, enda er ómögulegt að miða Sinfjötla við raunheiminn, hann er utan venjulegra mannlegra marka.¹¹

Loki

Loki Laufeyjarsen er torræðasta goðið í norrænni trú, meðal annars vegna þess hve margar ólíkar myndir hann tekur á sig. Erfitt er að skilgreina kyngervi Loka nákvæmlega, því hann var bæðir faðir og móðir og virðist ekki kunna síður við sig í kvengervum en karlgervum og því er við hæfi að byrja á honum. Faðir hans var jötunninn Fárbausti en móðir hans Laufey af óræðum uppruna, samt er hann ávallt kenndur við hana. Loki var ýmist hjálparhella guðanna eða einn skæðasti fjandmaður þeirra, honum var kennt um dauða Baldurs, en oftast er ekki kom hann guðunum í vandræði sem hann leysti síðan sjálfur úr, líkt og í sögunni um rán

7 Meulengracht Sørensen 1980, bls. 24-25.

8 Meulengracht Sørensen 1980, bls. 26-27.

9 Meulengracht Sørensen 1980, bls. 71.

10 Meulengracht Sørensen 1980, bls. 65-67.

11 Meulengracht Sørensen 1980, bls. 16-17.

löunnar og dráp Þjassa.

Í Snorra-Eddu er Loka lýst á eftirfarandi hátt:

Sá er enn taldr með ásum, er sumir kalla rögbera ásanna ok frumkveða flærðanna ok vömm allra goða ok manna. ... Loki er frídr ok fagr sýnum, illr í skaplyndi, mjök fjölbreyttinn at háttum. Hann hafði þá speki um fram aðra menn, er slægð heitir, ok vélar til allra hluta. Hann kom ásum jafnan í fullt vandræði, ok oft leysti hann þá með vélræðum.¹²

Orðin *mjök fjölbreyttinn at háttum* má túlka á þann hátt að Loki hafi auðveldlega getað skipt um gervi og tekið hamskiptum, enda kemur hann oft fram í öðrum gervum en sínu eigin. Tvisvar þarf hann á utanaðkomandi hjálp að halda til þess og fær lánaðan fjaðurham Freyju til að fljúga til Jötunheima, annars virðist hann geta skipt um gervi án fyrirhafnar. Í sögunni um dauða Baldurs kemur hann tvisvar fram sem kona, fyrst þegar hann fær Frigg til að segja sér að mistilteinninn hafi ekki svarið að deyða ekki Baldur og þá „... brá hann sér í konu líki.“¹³ Síðan er hann í gervi Þakkar, tröllkonunnar sem neitar að gráta Baldur, svo hann snúi heim úr helju.¹⁴ Í sögunni um borgarsmiðinn bregður hann sér í merarlíki og ber fyl,¹⁵ og er fluga í helli Ívaldssona.¹⁶

Hamskipti Loka hafa greinileg áhrif á afkvæmi hans, hvort sem hann er faðir eða móðir þeirra. Óvættirnar Fenrisúlfr og Miðgarðsorm og dauðagyðjuna Hel á hann með Angurboða og með Svaðilfara á hann hestinn Sleipni. Einu mennsku börnin sem hann virðist hafa eignast eru synirnir Narfi og Váli, sem hann átti með Sigyn, en æsirnar breyttu Vála í úlf og drap hann bróður sinn og var Loki fjöttraður með þörmum hans.¹⁷

Ellis Davidson álitur að þegar Loka sé kennt um dauða Baldurs sé það byggt á hugmynd um að einhver undirheimakraftur standi gegn Óðni og valdi dauða sonar hans. Í Snorra-Eddu er það gýgurin Þökk sem neitar að gráta Baldur og heimta hann þannig úr helju og var talið að það væri Loki í dulargervi. Í Baldrs draumum ásakar Óðinn völvuna um hefndarhug gegn Baldri og segir hana hvorki vera völvu né vísa konu, heldur móður þriggja þursa. Viðbrögð völvunnar verða þau að hún segir að enginn muni sjá hana aftur fyrr en Loki losni

úr böndum sínum. Þar með er gefið í skyn að Loki tali fyrir munn hinnar látnu völvu og sé sjálfur móðir þriggja þursa og að Angurboða sé nafn á kvenkynsmynd Loka og að þursarnir séu Hel, Miðgarðsormur og Fenrisúlfr.¹⁸

Þetta er athyglisverð tilgáta og enn athyglisverðara er það að hér er Loki í kvengervi. Ef kvengervi Loka er í gýgjarformi og hann hefur gert eitthvað af því að bregða sér í það, gæti það útskýrt ásakanir Óðins í Lokasennu og skýrt betur af hverju Loki á svo auðvelt með að bregða sér í líki fylgdarmeyjar Þórs í Prymskviðu og talar jafnvel um sjálfan sig í kvenkyni. Ef Loki átti sér kvengervi sem hann brá sér oft í, var hann auðvitað alltaf argur, því hann var í senn kona og maður, jötunn og ás. Þetta kemur heim og saman við orð Óðins í Lokasennu:

...
áttu vetr
vartu fyr jörð neðan,
kýr mólkandi ok kona,
ok hefr þú þar börn borit,
ok hugða ek þat args aðal.¹⁹

Þessi kynferðislega aðdróttun er samtvinnuð því að hafa verið neðanjarðar, sem á að öllum líkindum að þýða að Loki hafi verið kona jötna og trölla, hverra kynhneigð sé gróf og hömlulaus. Svipað liggur að baki fjölmörgum aðdróttunum í öðrum bókmenntagreinum, til dæmis þegar Skarphéðinn kallar Flosa brúði Svinfellsáss í Njálu, og þegar Þór þarf að fara til jötna í kvengervi í Prymskviðu. Kvenímyndin sjálf var ekki niðrandi, eingöngu þegar karlmenn þóttu hegða sér eins og konur.²⁰

En kvengerving Loka hefur ekki alltaf í för með sér hörmungar fyrir æsina. Í Prymskviðu verður hún ásum og mönnum til bjargar, þegar hann hjálpar Þór að endurheimta Mjölni, auk þess sem kænska Loka og innlifun í kvenhlutverkið bjargar Þór margoft frá afhjúpun og gerir klaufaskap Þórs því hlægilegan en ekki harmrænan. Innlifun Loka er svo mikil að hann virðist tala um sjálfan sig í kvenkyni og álita sjálfan sig vera kvenkyns.

Í 20. erindi Prymskviðu segir Loki við Þór þegar báðir hafa klæðst kvenbúningi:

‘Mun ec oc með þér
ambót vera,
við scolom aca tvau
í iotunheima’

¹² Snorri Sturluson 1949, bls. 46.

¹³ Snorri Sturluson 1949, bls. 80.

¹⁴ Snorri Sturluson 1949, bls. 84.

¹⁵ Snorri Sturluson 1949, bls. 61-62.

¹⁶ Snorri Sturluson 1949, bls. 149-150.

¹⁷ Snorri Sturluson 1949, bls. 86.

¹⁸ Ellis Davidson 1964, bls. 188.

¹⁹ Eddukvæði 1949, bls. 150.

²⁰ Meulengracht Sørensen 1980, bls. 28-29.

Í vísunni er notuð hvorugkynsmynd töluorðsins tveir, þegar um er að ræða tvo karlkyns æsi í kvenbúningum. Útgefendum leist ekki vel á þessa tvíræðni og notuðu orðið í kvenkyni, það var ekki fyrr en í Edduútgáfu Hans Kuhn 1962 að orðið kom fyrir í hvorugkyni, líkt og í frumtextanum. Spurningin er sú af hverju Loki kys að nota hvorugkynsformið, hvor þeirra Þórs er kona og hvor karl? Nokkrum erindum áður er Þór hræddur um að kallast argur ef hann fer í kvenmannsföt, sem er ekki skrytið með tilliti til þess að hann er nýrændur manndómstákní sínu, hamrinum, og nú á að klára kvengervinguna og klæða hann í kvenmannsföt. Loki svarar ótta Þórs án þess að minnast á ergi, aðalmálið er að endurheimta hamarinn og óvenjulegar aðstæður krefjast óvenjulegra úrræða. Það er greinilegt að Þór er ekki nógu sveigjanlegur til að leika hlutverk sem honum er ókunnugt. Loki veit það og býðst því til að leika ambátt því að slíkur hlutverkaleikur er honum eðlislægur og hann er tilbúinn til að ganga alla leið og verður kvenkyns, á meðan Þór er ótraustur í sínu hlutverki, líkt og sést á kenningum um þá, Þór er kallaður *Sifjar ver*, en Loki *alsnotur ambátt*. Ef Loki hefði ekki lifað sig inn í hlutverk sitt hefði sagan endað fyrr og verr. Klaufaskapur Þórs er kómískur en ekki ógnvekjandi, vegna þess að Loki bjargar honum úr hverri raun.²¹

Getur verið að eitthvað samband sé á milli Loka og Þórs? Hægt er að túlka það að Loki kalli sjálfan sig ambátt Þórs að þeir eigi í einhverju sambandi. Kannski er hann bara að bregðast við hræðslu Þórs um að vera kallaður argur með því að bjóðast til að vera ambátt hans og verða þar með polandinn í ergi, en Þór gerandi, sem virðist ekki hafa verið eins neikvætt og vafamál hvort það var kallað ergi. Jón Karl Helgason hefur líka bent á að Þór gæti hafa misst manndóm sinn á tvennan hátt í upphafi Prymskviðu, bæði með því að tapa hamrinum og einnig með því að vera hugsanlega rekkjunatur Loka.²²

Loki leikur aðalhlutverkið í sögunni um rán lðunnar og eplanna og dráp Þjassa í kjölfarið. Hann er hreyfiaflið í sögunni og hjálpar bæði Þjassa við ránið og ásunum að endurheimta lðunni. Í lok sögunnar kemur svo í hans hlut að hlægja Skaði Þjassadóttur, en það setti hún sem skilyrði fyrir sáttunum. Til þess bindur Loki annan enda bands við hreðjar sér, en hinn endann við skegg geitar, og svo togast þau á og skrækja bæði og að lokum lætur Loki sig falla á hné Skaði og þá hlær hún.²³

Turville-Petre álitur að sagan um tog Loka og geitarinnar hljóti að vera gömul, því Snorri notar nú glataða heimild, sem er samsvarandi frásögn Haustlangar á ráni lðunnar, drápi Þjassa og makavali Skaði og virðist ekki bregða út frá henni og því ólíklegt að hann hafi bætt þessu við. Auk þess sé frásögnin flókin og frumstæð og varla lík neinu sem Snorri myndi spinna við söguna.²⁴ John Lindow hefur skoðað þessa sögu og reynt að finna hliðstæður við hana. Við fyrstu sýn er mikil samsvörun milli þessarar hegðunar Loka og alþjóðlegra sagna um biðil sem þarf að láta kóngsdótturina hlæja til þess að mega giftast henni. Þar kemur þó upp vandamál, því Loki er ekki biðill, það hlutverk er fremur í höndum Skaði. Auk þess límast oft margir saman í ævintýrunum og lenda í kostulegri skrúðgöngu (svo sem í ævintýrinu um gylltu gæsina) en hér eru bara tveir aðilar, Loki og geitin, sem eru festir saman „kóngsdótturinni“ til skemmtunar og það minnir frekar á refsingar fyrir framhjáhald, þar sem eiginkona ótrús eiginmanns teymdi hann um götur bæjarins með því að halda í lim hans. Lindow gerir ráð fyrir því að geitin sé kvenkyns²⁵ og þar með bindur Loki karlmennskutákn sitt í skegg kvendýrs og þar sem skegg er venjulega karlmennskutákn er kyngervi geitarinnar á reiki og þar með kyngervi Loka. Er eitthvað að marka karlmennskutákn hans, ef ekkert er að marka karlmennskutákn geitarinnar? Hvorugt bregst við sársaukanum á karlmannlegan hátt og skrækja þau bæði.²⁶

Óðinn

Í fyrsta hluta Heimskringlu Snorra Sturlusonar, Ynglinga sögu, er tilurð Ása skýrð á svipaðan hátt og í Snorra-Eddu. Óðinn er mikilhæfur og virtur höfðingi sem ýmislegt kann fyrir sér í göldrum og sjónhverfingum og hefur með því öðlast guðlega virðingu meðal manna sinna. Þegar eiginleikum Óðins er lýst í Ynglinga sögu, er hann sagður fjölkunnugur og hafa öðlast visku sína frá höfði Mímis sem hann bar með sér og með því að vekja upp dauða og temja hrafna til að afla sér fréttu. Hann bjó til rúnir og galdraljóð og áður en hann dó kenndi hann blótgoðum sínum listirnar.²⁷

Þetta stangast að nokkru leyti á við hvernig Óðni er lýst í Snorra-Eddu, þar er hann faðir allra goða, alvitur og ræður öllu.²⁸ Hann er skapari heimsins og

21 Rieger 1975, 7-9.

22 Jón Karl Helgason 2002, bls. 160-161. Nánari útlistun á þessari hugmynd er í kaflanum um Þór.

23 Snorri Sturluson 1949, bls. 100.

24 Turville-Petre bls. 134.

25 Í Snorra Eddu er geitin ekki kyngeroð, en talað um dýrið í kvenkyni enda er orðið geit kvenkynsorð.

26 Lindow 1992, bls. 132-135.

27 Íslenzk fornrit XXVI 1979, bls. 18-20.

28 Snorri Sturluson 1949, bls. 35-36.

mannanna ásamt bræðrum sínum.²⁹ Auk þess að geta frá háseti sínu, Hliðskjálf í Valaskjálfi, séð yfir allan heiminn.³⁰ Í Snorra-Eddu er stígveldi guðanna aðlagð að miklu leyti hinni kristnu hugmynd og því kemur Óðinn fyrir sem hinn mikli Alfaðir, sem veit allt, sér allt og skapaði heiminn. Þótt sum eddukvæðanna, líkt og Völuspá, styðji þetta að nokkru leyti, eru önnur sem leggja áherslu á annan og dekkri hluta eðlis hans.

Í Hárbarðsljóðum sennir Óðinn, í dulargervi, við Þór og stríðir honum miskunnarlaust, en Þór svarar fyrir sig, þrátt fyrir að vita ekki hver hinn dulbúni er. Orðaskipti þeirra eru hefðbundin í sennum og byggja á mismunandi aðstæðum hermanna og þeirra sem heima sitja. Þeir fyrrnefndu lifa hættulegu, þægindalaus lífi sem einkennist af ferðalögum, ævintýrum og baráttu fyrir einhverju, á meðan þeir síðarnefndu sitja heima, lausir við hættu, hafa nóg að bíta og brenna, auk þess að vera innan um kvenfólk, og þóttu þeir síðarnefndu hafa óæðra hlutskipti.³¹

Óðinn snýr þessu í raun við og heldur því fram að hans hlutskipti sé æðra og betra. Hann lýsir kvennafari sínu og hvernig hann hefur náð sínu fram í valdatafli með svikum og hlær að hreystiverkum Þórs og gerir lítið úr þeim. Óðinn er enda guð allra vetraríþróttu hermanna en Þór er fulltrúi víkingaferða sumranna. Tvisvar nær Óðinn að særa Þór með því að minnast á atburði sem Þór nefnir ekki og nýtur þannig þeirra yfirburða að vita hver Þór er, án þess að Þór viti hver leynist á bak við nafnið Hárbarður. Fyrst nefnir Óðinn söguna um hanska Skrymis, þar sem Þór á að hafa skolfið af hræðslu³² og síðan bendir hann honum á að Sif eigi sér hó og réttara væri að hefna þess en að rífast við gamlan mann.³³ Í bæði skiptin svarar Þór með því að hefja vísu á orðunum *Hárbarðr inn ragi* og eru það einu skiptin í kvæðinu sem hann sakar Óðinn um ergi, sem virðist tákna það hugleysi að Óðinn leikur þennan leik vitandi hver Þór er, en án þess að segja til sín. Leikurinn er ekki leikinn á jafnréttisgrundvelli og því reiðist Þór, en ekki þeim svívirðingum sem Óðinn eys yfir hann vegna atburða sem Þór segir sjálfur frá í sennunni.

Þó að ergi Óðins hafi verið fremur saklaus í Hárbarðsljóðum, verða ásakanirnar alvarlegri í Lokasennu og líkjast því sem ýjað var að í Ynglinga sögu. Þegar Óðinn hefur í Lokasennu kallað Loka argan og bent á að hann hafi borið börn neðan jarðar, svarar Loki fyrir sig með þessari vísu:

Enn þik síða kóðu
Sámseyju í
ok draptu á vétt sem völr;
vitka líki
fórtu verþjóð yfir,
ok hugða ek þat args aðal.³⁴

Þessari fullyrðingu tekst Óðni ekki að svara og ber ekki gegn sannleiksgildi hennar og verður hún því að teljast sönn. Þótt ekki sé vitað neitt um Sámsey bendir margt til að ásakanir Loka séu réttar og að Óðinn hafi verið sjaman og stundað seið.

Í Snorra-Eddu er sagt frá hröfnum Óðins, sem heita Huginn og Muninn. Þeir fljúga um allan heim og segja Óðni svo frá öllu sem þeir sjá.³⁵ Auk þess gat Óðinn séð yfir allan heiminn úr Hliðskjálf. Í Ynglinga sögu segir ennfremur:

„Óðinn skipti hömum. Lá þá búkrinn sem sofinn eða dauðr, en hann var þá fugl eða dýr, fiskr eða ormr ok fór á einni svipstund á fjarlæg lund að sínum ørendum eða annarra manna.“³⁶

Þessi lýsing bendir til þess að Óðinn hafi verið sjaman, en sjamanismi er trúarlegt fyrirbrigði sem er upprunið í norðaustanverðri Evrópu og víða í Asíu og Ameríku, og er þekkt enn þann dag í dag. Sjamanar gegna hlutverki sem líkist hlutverkum presta og galdralækna og bjóða sjálfa sig fram sem tengilið milli mannlegs samfélags og hins heimsins. Til þess falla þeir í trans og sálir þeirra ferðast til undirheima þar sem þeir öðlast vísu frá guðunum eða bjarga villtum sálum. Hlutverk sjamana var að hluta til það sama og völvu, þeir sögðu fyrir um framtíðina, svöruðu fyrirspurnum um forlög og fundu ástæður hörmunga og sjúkdóma.³⁷

Samkvæmt Ellis Davidson er einkum tvennt sem bendir til þess að Óðinn sé sjaman. Í fyrsta lagi þurfa sjamanar meðal eskimóa, indíána og Síberíubúa að gangast undir táknaðan dauða og endurfæðingu og vegna þeirra þjáninga sem fylgja öðlast þeir þá vísu sem til þarf. Þjáningin er oft ímyndun framkolluð með hugleiðslu og þessar þjáningarsýnir og endurfæðingin í kjölfar þeirra eru oft tengdar heimstrénu. Í síðasta hluta Hávamála lýsir Óðinn sjálfstíð sinni til að öðlast þekkingu, hann hékk níu nætur utan á tré, sem líklega er norræna heimstréð Yggdrasill, og lærði rúnir. Í öðru lagi ferðast sjamanar ýmist á hestum eða fuglum og Sleipnir, hinn áttfætti hestur Óðins gat hlaupið í loftinu. Hrafnar Óðins, þeir Huginn og Muninn,

29 Snorri Sturluson 1949, bls. 18–21.

30 Snorri Sturluson 1949, bls. 33.

31 Clover 2002, bls. 97–100.

32 Eddukvæði 1949, bls. 122.

33 Eddukvæði 1949, bls. 126.

34 Eddukvæði 1949, bls. 150.

35 Snorri Sturluson 1949, bls. 57.

36 Íslenzk fornrit XXVI 1979, bls. 18.

37 Ellis Davidson 1964, bls. 141–142.

sem fljúga um allan heim að leita honum fréttu eru tákmyndir fyrir huga sjamans, sem ferðast langar leiðir utan líkamans. Þessi hæfileiki Óðins til þess að ferðast til hinna dauðu og geta aflað sér fréttu hvaðanæva að virðist hafa átt vel saman við það hlutverk hans, að vera hernaðarguð.³⁸

Sjamanisma fylgir óhjákvæmilega sú ókarlmannlega iðja að fremja seið. Í Ynglinga sögu, þegar sagt hefur verið frá hæfileikum Óðins til þess að skipta hömum, er Óðni ennfremur lýst á þennan hátt:

„Óðinn kunnir þá íþrótt, svá at mestr máttur fylgði, ok framði sjálfir, er seiðr heitir, en af því mátti hann víta orlög manna ok óorðna hluti, svá ok at gera mǫnnum bana eða óhamingju eða vanheilendi, svá ok at taka frá mǫnnum vit eða afl ok gefa vǫðrum. En þessi fjölkynngi, er framið er, fylgir svá mikil ergi, at eigi þótti karlmǫnnum skammblaust við at fara, ok var gyðjunum kennd sú íþrótt.“³⁹

Dag Strömbäck hefur skoðað völvur og seið þeirra í nokkrum forníslenskum ritum og borið saman við samíska sjamana og siberíska sjamanahefð. Margt er líkt með athöfnum völvu í íslenskum heimildum og sjamana í þeim samísku, en grundvallarmunurinn er sá að íslensku völvurnar voru allar kvenkyns á meðan samísku sjamanarnir voru allir karlkyns. Í siberískri hefð eru sjamanar bæði karlkyns og kvenkyns en víða eru konurnar álitnar öflugri en karlarnir. Þannig að verið gæti að eitthvað sé sérstaklega kvenlegt við seið í norðurevrópskri og norðurasískri hefð og vegna þess hafi hann verið tengdur ergi á norrænu svæði.⁴⁰ Auk þess taka karlsjamanar í Síberíu oft upp kvenlega siði, flétta hár sitt og ganga í kvenfötum. Víða bera öflugustu karlsjamanarnir kvenmannsnöfn. Þótt þetta sé freistandi skýring á ergi seiðsins er ekki að sjá að kvengerving sjamana ríki á samískum svæðum, sem gæti skýrst af því að Samarnir frömdu sína seiða naktir.⁴¹

Mjög fáar sögur segja frá seiðum Óðins, sú athyglisverðasta í þessu ljósi er sagan um Rindi. Þegar Óðinn vissi að Baldur yrði drepinn af bróður sínum Heði, vantaði hann hefndar, því ekki gat hann drepið son sinn til að hefna fyrir annan son. Hann fékk fyrirspá um að eina konan sem gæti borið honum son til hefndar, væri jötunkvinnan Rindur. Hann reyndi því að komast yfir hana, en sama hve mörg dulargervi hann reyndi og hve

margar gjafir hann færði henni, vildi hún ekki þýðast hann. Að lokum notaði hann rúnagaldur til að gera hana vitstola og óða, bjó sig svo sem læknisfróða konu og fékk að sinna sjúklingnum. Með seiðum og klækjum tókst Óðni svo að geta Vála við Rindi.

Þessi saga minnir um margt á kvennafarssögur Seifs, en í þessari sögu fer Óðinn í kvengervi og fremur seið. Við þá iðju hlýtur honum að hafa svipað til hinna siberíska sjamana. En kvengervið og seiðurinn verða til þess að hann getur son, son sem er hefndandi og mun lifa Ragnarök. Upp úr erkierginni verður því til mikil karlmennska.

Þór

Öflugt við þá Loka og Óðinn leikur enginn vafi á karlmennsku Þórs. Hann er þrumuguðinn, verndari manna og ása og fer reglulega í austurveg að berja á jötnum. Samt lendir hann nokkrum sinnum í niðurlægjandi aðstæðum sem hann hefur ekki stjórn á. Útgarda-Loki beitti Þór og förunauta hans sjónhverfingum, fyrst í gervi risans Skrýmis, sem batt hnúta sem Þór gat ekki leyst og virtist varla finna fyrir hamarshöggum Þórs. Síðan þegar Þór og hans fólk atti kappi við menn Útgarda-Loka í ýmsum íþróttum og höfðu alltaf verr, en þar endaði Þór á að glíma við Elli kerlingu og beið lægri hlut.⁴² Loki notar fyrri hluta sögunnar í Lokasennu, það hvernig Þór skalf af hræðslu í hanska Skrýmis og gat ekki leyst hnúta hans.⁴³

En það er einmitt í Lokasennu sem Þór lendir aftur í vandræðum sem karlmennska hans getur ekki leyst. Þór kemur á elleftu stundu inn í Lokasennu og flytur fjórar andlausar vísur gegn Loka, sem allar hefjast á sama fyrri helmingi og samanstanda af lofi um Þór sjálfan og verk hans og hótunum um hvernig hann ætli að drepa Loka. Í fimm svarvísu tekst Loka að koma inn örlögum Þórs við Ragnarök, svívirðingum um vanmátt Þórs gegn Skrými, kaldhæðni um að ætla að lifa af og bölvun til allra guðanna í lokin. Orðaskipti Loka og Þórs endurspeglar orðaskipti Hárbardís og Þórs í Hárbardísljóðum. Þór er fastur í formgerð senna og hreykir sér og hótar hinum á meðan Loki og Hárbardur leika sér með formið og beita ýmiskonar stílbrogðum. Vísur Loka eru sveigjanlegar og margbreytilegar og innihalda svívirðingar, bölvánir og kaldhæðni og sigrar hann hiklaust Þór í sennu þeirra. Þór er ekki sá eini sem var sigraður í sennunni, á undan honum sentu fimmtán goð við Loka og báru lægri hlut en Þór hagar sér heimskulegar en þau, hann reynir að

38 Ellis Davidson 1964, bls. 142-147.

39 Íslenzk fornrit XXVI 1979, bls. 19.

40 Strömbäck 1935, bls. 149-150.

41 Strömbäck 1935, bls. 195-196.

42 Snorri Sturluson 1949, bls. 65-74.

43 Eddukvæði 1949, bls. 160-161.

sígra mælskukeppni með kröftum.⁴⁴

Þór skortir greinilega það vit sem sannur karlmaður á að hafa. Hann virðist einungis geta beitt líkamlegum kröftum en ekki andlegum, sem sést greinilega á þessum tveimur sennum sem hann lendir í. Í Hárbarðsljóðum er hann í raun fórnarlamb Hárbarðs, sem að öllum líkindum er Óðinn í dulargervi. Þeir metast um mismunandi hlutverk, Þór er fulltrúi sumarverka, hann er bardagaglaður og hraustur, á meðan Óðinn er fulltrúi hermanna að vetrum, sér um kvennafar og skáldskap. Óðinn nýtur þess að Þór veit ekki hver hann er og getur því óhikað notað allt sem hann veit um Þór og gerðir hans, án þess að þurfa að óttast það að Þór geti svarað almennilega fyrir sig.

Í Hárbarðsljóðum kallar Þór Óðinn oft ragan, en aldrei argan, enda virðist hafa verið stigsmunur á milli þessara tveggja orða, ragur var nokkurs konar skrauthvörf af argur og ekki alveg jafnslæmt. Óðinn kallar Þór hins vegar hvorki ragan né argan, en gerir lítið úr verkum hans. Á tveimur stöðum vegur hann þó mest að karlmennsku Þórs, annars vegar þegar hann segir Þór hafa skolfið af hræðslu í hanska Skrýmis⁴⁵ og hins vegar þegar hann segir Þór að Sif eigi sér hó heima.⁴⁶ Í Lokasenu segir Loki slíkt hið sama við Sif, að þótt hún þykist hafa verið siðprúð, eigi Þór sér þó einn hó og það sé Loki sjálfur.⁴⁷ Þá fullyrðingu styður sagan um það þegar Loki klippti hárið af Sif og þurfti að gefa henni nýtt og náði þannig í ýmsa dýrgripi handa goðunum, þar á meðal karlmennskutákn Þórs, Mjöllni.⁴⁸ Loki hlýtur að hafa klippt Sif á meðan hún svaf og til þess að hafa aðgengi að henni sofandi hlýtur hann að hafa verið ástmaður hennar. Samkvæmt þessu átti Þór, karlmennskan holdi klædd, sér kviðmág sem ekki var viss um kyngervi sitt og veitti honum auk þess hamarinn sem karlmennska Þórs virðist byggja á, alla veganna lendir Þór í mikilli sjálfsmyndarkreppu í Prymskviðu þegar hamarinn týnist.

Í Prymskviðu er hægt að sjá hamar Þórs sem tákn um karlmennsku hans og vald. Sviptur áhaldi sínu verður Þór að konu og verður ekki aftur að karlmanni fyrr en áhaldið er lagt í kjöltu hans. Prymskviða hefst í media res og því óljóst hvernig hamarinn glataðist. Líklegast er að Prymur hafi stolið honum á meðan Þór svaf, en hvernig? Þegar Þór vaknar ávarpar hann fyrst Loka, sem virðist sofa í sama herbergi og jafnvel vera rekkjunautur hans. Loki, sem oft kemur ásum í vandræði er

líklegur til að hafa hjálpað Þrym að stela hamrinum, auk þess sem hann flýgur rakleiðis til Þryms og virðist vita af hamrinum þar. Þegar æsirirnir ákveða að búa Þór sem Freyju, segist hann hræddur um að verða kallaður argur, svo spurningin verður sú hvort Þór missi karlmennsku sína vegna skorts á hamri eða af því að hann hefur eytt nótt með Loka sem er alræmdur fyrir tvíkyhneigð sína.⁴⁹ Hægt væri að halda því fram að hamar Þórs tákni fallíska karlmennsku og þjóðfélagslegt stéttarkerfi. Hamarinn veitir karlmanninum sem beitir honum afl til að kúga konur og hlutgera þær og vernda þjóðfélagslega og kynferðislega reglu. Þegar hamarinn er horfinn kemur Loki fram sem valkostur og stendur fyrir frjálslægri skilgreiningu á kynferði sem gerir Prymskviðu að því skemmtikvæði sem hún er.⁵⁰

Skaði

Skaði á sér einna skrýtnasta sögu ásynjanna, hún var upphaflega jötunn, dóttir Þjassa sem rændi lðunni og æskueplum hennar og galt fyrir með lífi sínu.

En Skaði, dóttir Þjasa jötuns, tók hjálm og brynju og öll hervopn og fer til Ásgarðs að hefna föður síns.⁵¹

Skaði tekur hér að sér karlmennskuhlutverk og fer til að hefna föður síns, sem var karlmannsverk, í skaðabætur fær hún að velja sér einn ásanna sem mann. Þetta er viðsnúningur á hefndarferlinu, kynjahlutverkunum er snúið við, Skaði er hefndandinn sem verður að friða og þar sem hún er í karlmennskuhlutverkinu taka æsirirnir að sér kvenhlutverkið, að vera sáttagjöf, eða nokkurs konar verðlaun og raða sér upp svo hún geti metið þá eftir feðurð fóta þeirra, en ekki eftir hreysti þeirra eða öðrum karlmennskulegum dyggðum. Annað sem var gert til sátta við hana var það að hana ætti að hlægja og var Loki látinn sjá um það, hann batt um hreðjar sér og skegg geitar og toguðust þau á með tilheyrandi skrækjum og þegar Loki lætur fallast á kné Skaða hlær hún. Þarna er misþyrming á karlmennskutákni notuð til að vekja hlátur hinnar karlmannlegu konu og skrækirnir eru mjög ókarlmannlegir. Þannig lítur út fyrir að til þess að Skaði í herklæðum fallist á bætur og afklæðist karlgervinu verði æsirirnir að kvengerva sig og gera grín að karlmennskutáknum sínum.

Skaði er eini jötunninn sem sækist eftir því að fá maka úr hópi óvina sinna, ásanna, og tekst það. En

44 Clover 2002, bls. 110.

45 Eddukvæði 1949, bls. 122.

46 Eddukvæði 1949, bls. 126.

47 Eddukvæði 1949, bls. 159.

48 Snorri Sturluson 1949.

49 Jón Karl Helgason 2002, bls. 160-161.

50 Jón Karl Helgason 2002, bls. 166.

51 Snorri Sturluson 1949, bls. 100.

sá sigur er ekki fullkominn, því að hún fær ekki þann sem hún kys helst, því hún samþykkir að kjósa sér maka eftir fótum hans og hafði þar með takmarkaða möguleika á að auka veg sinn með hjónabandinu. En það var eitt aðalmarkmiðað miðaldahjónabanda á Íslandi, að auka veg brúðhjónanna og mynda með þeim bandalög sem styrktu ættarböndin og það var ekki gert með svona handahófsbrúðkaupum.⁵² Auk þess er hún ekki raunverulegur sigurvegari að lokum, því hún gengur til liðs við óvini sína og verður ein þeirra og að lokum skildu hún og Njörður, því hvorugt þoldi bústaði hins. Í Ynglinga sögu segir að eftir skilnað þeirra hafi hún gifst Óðni og eignast með honum marga syni.⁵³

Nafn Njarðar er náskyld nafni germönsku gyðjunnar Nerthus án þess að vitað sé um bein tengsl þar á milli. Kannski voru Njörður og Nerthus tvíkynja guðapar, líkt og Freyr og Freyja. Sú hugmynd hefur komið fram að gyðjan Nerthus hafi orðið að guðinum Nirði og að Skaði hafi upphaflega verið karlkynsvera en orðið kvenkyns til að fylgja maka sínum – sú hugmynd hefur þó ekki verið rökstudd nægilega.⁵⁴ Ef Njörður og Nerthus voru tvíkynja (systkina)par getur það skýrt orð Loka að Njörður hafi getið Frey við systur sinni,⁵⁵ sem og þegar hann ýjar að því að Freyja sé gift bróður sínum.⁵⁶

Ef Skaði var upphaflega karlkyns skýrir það margt í eðli hennar, til dæmis er hún í Gylfaginningu sögð fara á skíðum með boga og skjóta dýr.⁵⁷ Hún kemur herklædd til Ásgarðs og fær að velja sér karlkyns brúði eftir feðurð brúðarinnar. Þrátt fyrir að Skaði líkist að mörgu leyti valkyrjum og meykóngum, skortir hana kvenlega eiginleika þeirra og feðurð, auk þess sem Njörður yfirvinnur hana aldrei. Eignmaðurinn verður alltaf að yfirbuga karlmennskueðli kvenhetjunnar, annað hvort mistekst Nirði það, sem skýrir af hverju hjónabandið gekk ekki upp, eða hann hefur ekki roð í karlmanninn Skaða, sem hefur ekki glatast að fullu, þrátt fyrir kynfyrfærsluna. Að auki er nafn hennar mjög óvenjulegt, ekki eru önnur dæmi um það að kvenmannsnöfn endi á –i, og beygist líkt og veik karlkynsorð.

Lokaorð

Því miður komust fleiri æsir ekki í þessa ritgerð og því valdi ég þá sem mest er um að segja, þótt aðrir hafi verið freistandi, líkt og Baldur, hinn fullkomni guð, og Freyr, sem fórnaði karlmennskutákni sínu til

þess að fá Gerði sem konu.

Það virðist vera erfitt fyrir konur að fá á sig ergisstimpil, af ásynjum eru hvorki Freyja né Skaði kallaðar argar, þrátt fyrir hegðun sem er ólík hinni hefðbundnu kvenhegðun. Freyja virðist afsökuð vegna hlutverks síns, en hegðun Skaða er talin aðáðunarverð, jafnvel þótt hún fari langt frá kynhlutverki sínu. Karlarnir eru hins vegar oft álitnir argir, jafnvel Þór á þá nafnbót á hættu fyrir að dulbúast sem Freyja í Prymskviðu. Óðinn og Loki eru svo sannarlega argir, Óðinn stundar seið og klæðist kvenmannsfötum, en Loki fullkomnar skilgreiningu á ergi, hann er jafnt kona og karlmaður og verður bæði faðir og móðir.

Niðurstaða mín er sú að æsirnir voru argir, í það minnsta þeir er hér hefur verið rætt um. En ergi þeirra kemur ekki að sök, því hún hefur æðra markmið, þeir eru guðir og lúta ekki sómu siðferðisreglum og mennirnir. Breyskleiki guðanna í goðsögnum skiptir miklu máli og brestir þeirra og mistök eru aukin og ýkt upp, bæði til skemmtunar og aðvörunar.

Heimildaskrá

- Clover, Carol. 2002. „Hárbarðsljóð as Generic Farce.“ *The Poetic Edda, Essays on Old Norse Mythology*: 95-108. Routledge, New York & London.
- Eddukvæði (Sæmundar-Edda). Fyrri hluti.* 1949. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Ellis Davidson, H.R..1964. *Gods and Myths of Northern Europe*. Penguin books.
- Green, Ronald M.. 1987. „Morality and Religion.“ *The Encyclopedia of Religion, Volume 10*: 92-106. Macmillan Publishing Company, New York.
- Holtsmark, Anne. 1982a. „Mannjevning.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*: 325-326. Rosenkilde og Bagger.
- Holtsmark, Anne. 1982b. „Senna.“ *Kulturhistorisk leksikon for nordisk middelalder*: 149-151. Rosenkilde og Bagger.
- Íslenzk fornrit XXVI. 1979. „Heimskringla I.“ Bjarni Aðalbjarnarson gaf út. Hið Íslenzka fornritafélag, Reykjavík.
- Jón Karl Helgason. 2002. „Þegi Þú, Þórr“ Gender, Class and Discourse in Prymskviða.“ *Cold Counsel*: 159-166. Routledge, New York & London.
- Lindow, John. 1992. „Loki and Skaði.“ *Snorrastefna 25. – 27. júlí 1990: 130-142*. Stofnun Sigurðar Nordal, Reykjavík.
- Meulengracht Sørensen, Preben. 1980. *Norrønt nid*. Odense Universitetsforlag, Óðinsvéum.
- Rieger, Gerd Enno. 1975. „Prk. 20 við scolom aca tvau.“ *Skandinavistik*; 7-10. Verlag J. J. Augustin, Glückstadt.
- Snorri Sturluson. 1949. *Edda Snorra Sturlusonar*. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Íslendingasagnaútgáfan, Reykjavík.
- Strömbäck, Dag. 1935. *Sejd, textstudier i nordisk religionshistoria*. Carl Bloms boktryckeri, Lundi.

52 Lindow 1992, bls. 131-132.

53 Íslenzk fornrit XXVI bls. 1979, 21.

54 Ellis Davidson 1964, bls. 106

55 Eddukvæði 1949, bls. 154.

56 Eddukvæði 1949, bls. 152-153.

57 Snorri Sturluson 1949, bls. 41.